

Leirvogsá

Rannsókn á seiðabúskap 2022

Fiski - Rannsóknir - Ráðgjöf
Jón Kristjánsson, janúar 2023

Samantekt

Vorið var úrkomusamt og fremur kalt, úrkoma í Reykjavík var þreföld meðalúrkoma og ár mjög vatnsmiklar. Maí var sólríkur en kuldaköst komu í byrjun og lok júní. Mikið og gott vatn var í ánni allt sumarið. Erfitt er að segja hvaða áhrif þetta hefur haft á útgöngu seiða og þar með göngur á komandi sumri. En mikið vatn var í ánni og áin betur varin fyrir ágangi fiskianda. Seiðafjöldi var mikill á öllum stöðvum. Talsvert var af sumargömlun seiðum ofan Tröllafoss. Aldursgreining á löxum neðan fossins sýndu að um þriðjungur hafi alist upp ofan fossins.


Seiðarannsóknir

Rafveitt var í Leirvogsá ofar Hrafnhólabrúar 19. maí til þess að kanna ástand seiða að vori. Veitt var á stöðvum 4-7 á fiskgenga hlutanum 31. ágúst- 8. október. Fyrir ofan Tröllafoss, stöðvum 1 og 2, var veitt um miðjan september og ofan við Stardalsá, stöð 1a þann 8. október.

Niðurstöður

Urriði

Mjög lítið veiddist af urriðaseiðum, einungis 9 stk., mynd 1. Eins og venjulega fundust þau innst við bakkana



Mynd 1. Lengdardreifing urriða 2022

Lax neðan Tröllafoss.


Tafla 1 sýnir niðurstöður seiðaveiða 2022 og mynd 2 sýnir lengdardreifingu seiðanna. Á öllum stöðvum var mikið af seiðum og eins og áður var mest af sumargömlum (0+) seiðum. Raunverulegt magn er þó meira en tölur sýna því þau veiðast illa vegna þess hve smá þau eru. Seiðin eru smá eins og ávallt áður, um og undir 4 cm að lengd.

Stöð nr.	Nafn	Dags	Stærð m²	0+		1+		2+		3+		Samtals	Þéttleiki Fj./100 m²
				Fjöldi	ml	Fjöldi	ml	Fjöldi	ml	Fjöldi	ml		
1	Við Stardalsárós	12/9	60	18	4.8	0		3	11.4			19	32
2	Neðar við Stardalsá	12/9	30	11	5.5	0						11	37
1a	Lengra ofan Stardalsár	8/10	40	26	4.9	0						26	65
4	O. Hrafnhólabrúar	31/8	40	16	3.5	15	5.8	4	8.5	3	9.4	38	95
5	N. Hrafnhólabrúar	31/8	50	50	3.8	2	6.2	3	7.3			55	110
6	Miðsvæði efra	16/9	40	33	3.7	14	6.2					47	117
7	Miðsvæði neðra	8/10	40	14	4	15	6.3	6	9.7			36	90
4-7	Samtals/ meðallengd:		170	113	3.8	46	6.1	13	8.5	4	9.4	176	104
	Fj./100m² Stöð 4-7			67		27		8		2			


Tafla 1. Fjöldi og meðallengd (ml) veiddra laxaseiða í einni yfirferð á stöðvum 1 og 1a við Stardal ofan Tröllafoss 12/9 og 8/10 og á stöðvum 4-7, neðan Tröllafoss 31/8 - 8/10 2022. Staðsetning stöðva er sýnd á mynd 12.

Svæðið ofan við Tröllafoss

Flest seiðin sem fundust voru sumargömul (0+) og voru 4-6 cm löng, og það var mikið af þeim á öllum þremur veiðistöðvum. Flutningur laxa haustið 2021 hefur því tekist vel, gangnstætt árinu áður en engin seiði úr klaki fundust haustið 2021. Orsakir þess eru óþekktar. Haustið 2022 voru fluttir á svæðið 9 hængar og 13 hrygnur (4 hrygnur/km). Þeim var sleppt á þrjá merkta staði: Við ós Stardalsár, miðja vegu milli Stardalsár og Leirvogsvatns og ofan við Tröllafoss.



Mynd 2. Lengdardreifing laxaseiða neðan Tröllafoss 2022




Mynd 3. Lengdardreifing laxaseiða fyrir ofan Tröllafoss 2022


Tillhlökkun er að fylgjast með framvindunni en þetta er orðið viðameira verkefni en einungis að flytja upp fisk, nú er vel fylgst með árangri hrygningar og vexti seiða í þeim tilgangi að sýna hver sé æskilegur hrygningar stofn í laxveiðám, en margt bendir til þess að allt of mikil hrygning sé í flestum og að sleppingar geri illt verra.

Ár	0+	1+	2+	3+	Samtals Fj.100m ²
2008	7.8	5.0	0.9	0.4	14
2009	18.3	4.5	4.9	1.1	29
2010	30.1	13.9	1.8	0.2	46
2011	12.4	5.0	2.0	0.2	20
2012	9.8	4.8	1.7	0.3	17
2013	13.2	15.3	2.5	0.9	32
2014	43	4.4	3.5	0.5	51
2015	31	17	2		49
2016	95	22	7		124
2017	45	13	-		59
2018	30	15	3	0.4	48
2019	71	38	16		124
2020	46	20	4		70
2021	88	13	5	2	108
2022	67	27	8	2	104

Tafla 2. Þéttleiki aldurshópa laxaseiða í Leirvogsá 2008-2022.



Mynd 4. Þéttleiki árganga laxaseiða í Leirvogsá 2000-2022



Mynd 5. Meðallengd árganga laxaseiða í Leirvogsá 2000-2022. Lengd seiða neðan við Tröllafoss er táknúð með heilum línunum. Lengd seiða fyrir ofan Tröllafoss er táknúð með punktalínunum í sama lit




Mynd 6. Kvörn úr 1+ seiði 9 cm löngu ofan Tröllafoss 2020



Mynd 7. Kvörn úr tveggja vetra seiði ofan Tröllafoss.

Seiðafjöldi og vöxtur

Fjöldi seiða á fiskgenga hluta Leirvogsár er mjög mikill og vöxtur hægur, sem sést þegar hann er borinn saman við vöxt seiða ofan Tröllafoss þar sem þéttleiki er eðlilegur. Þegar seiðavöxtur er skoðaður 22 ár aftur í tímann, mynd 5, sést að hægst hefur á vexti allra árganga frá árinu 2014. Frá því sama ári hefur fjöldi seiða á fyrsta ári (0+), mynd 4, aukist gríðarlega. Stafar þetta væntanlega af aukinni hrygningu og breyttu veiðifyrirkomulagi, auknum sleppingum á veiddum laxi og banni við öðru en fluguveiðum.



Mynd 8. Samanburður á stærð sumargamalla (0+) seiða ofaj og neðan við Tröllafoss 2022




Mynd 9. 0+ seiði ofan og neðan Tröllafoss 2022. Mikill munur er á bæði lengd og holdafari



Mynd 10. Kynþroska hængur 4+ ofan Tröllafoss.

Veiðin

Alls veiddist 465 laxar 2022. Þetta er besta veiði síðan 2015 og nær tvöföldun frá því að veiða-sleppa var innleitt illu heilli. Frjálsara veiðifyrirkomulag er nú í ánni og vonandi verður frelsi enn aukið. Það var álit klakveiðimanna að mjög mikið væri eftir af laxi í ánni að loknum veiðitíma. Gott vatn var í ánni allt sumarið.




Mynd 11. Laxveiði í Leirvoggsá 2006-2022

Hitafar


Vorið var fremur kalt. Maí var sólríkur en kuldaköst komu í byrjun og lok júní. Erfitt er að segja hvaða áhrif þetta hefur haft á útgöngu seiða og þar með göngur á komandi sumri. En mikið vatn var í ánni og áin betur varin fyrir ágangi fiskianda. Á mynd X má sjá vikulegan meðalhita borinn saman við meðalhita árána 2014-2021.

Á línuritinu, mynd Y má sjá að kuldakast var í byrjun og lok júní.



Mynd 12. Vatnshiti í Leirvoggsá 2022, rautt og meðalhiti árána 2014-2021, blátt.

Leirvoggsá 2022



Mynd 13. Vatnshiti í Leirvoggsá 18. apríl - 27. júlí 2022. Viku millibil er milli lóðréttra lína


Aldurssýni af fullorðnum laxi

Tekin voru aldurssýni af 10 löxum sem veiddust neðan Tröllafoss. Niðurstöður eru sýndar í töflu 3.

Nr	Lengd	Kyn	Fv Ald	Aths
1	63	0	3	2 í sjó gm
2	59	1	2	
3	60	0	3	
4	54	0	3	
5	55	0	3	
6	62	1	2	
7	63	0	3	
8	80	0	3	
9	68	0	2	
10	68	1	5	

Tafla 3. Aldursgreining á löxum neðan Tröllafoss. Þrír höfðu dvalið 2 ár í ferskvatni, 5 í 3 ár og 1 í 5 ár.

Þrír höfðu dvalið 2 ár í ferskvatni og voru því upprunnir ofan fossins, 4 höfðu verið 3 ár í ferskvatni og gætu sumir verið að ofan og 2 höfðu verið 5 ár í ánni og því örugglega úr neðri hlutanum. Má því áætla að um þriðjungur hafi komið úr hrygningu ofan Tröllafoss svo þetta er að skila auknum laxafjölda í ánni, nokkuð sem kallar á auknar veiðar.



Mynd 14. Rafveiðistöðvar í Leirvoggsá 2020